

## Rangfærslur Árna Páls leiðréttar

Formaður Samfylkingarinnar birti í dag pistil um starfsemi Sjúkrahórelsins í Ármúla þar sem honum tekst að fara rangt með allar staðreyndir málsins. Ekki er hjá því komist að leiðréttu þær helstu;

### 1. Skýr samningur með skilgreindum kröfum

Árni Páll segir að á bak við samning Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) við Sjúkrahótelioð liggi engin vitræn þjónustuskilgrening. Hið rétta er að samningurinn er gerður í kjölfar útboðs sem SÍ vann í samvinnu við Landspítala og Velferðarráðuneyti undir umsjón Ríkiskaupa. Markmiðin eru skýr og leiðarljósíð er Íslendingar hafi sem jafnast aðgengi að heilbrigðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Veita á hótel- og gistibjónustu til einstaklinga sem eru færir um athafnir daglegs lífs en þurfa að dvelja í öruggu umhverfi þar sem í boði er hjúkrun og stutt í heilbrigðisþjónustu. Sett er fram forgangsröðun og á hvaða verð er greitt.

### 2. Landspítalinn hefur aldrei rekið sjúkrahótelþjónustuna

Árni Páll segir að Landspítalinn hafi sjálfur rekið sjúkrahótelþjónustuna á árum áður en hið rétta er að Landspítalinn hefur aldrei rekið veitinga- og gistibjónustu Sjúkrahórels. Forsagan er sú að frá árinu 1974 starfrækti Rauði krossinn sjúkrahótel við Rauðarárstíg þar sem hvatinn var húsnæðisvandi landsbyggðarfólks. Árið 2004 seldi Rauði krossinn Foss hótelum húsnæðið. Landspítalinn annaðist hjúkrunarþjónustuna á hótelinu en samdi við Fosshótel um hótel- og veitingareksturinn. Þegar samningurinn rann út í lok árs 2010 var hótel- og veitingabjónustan boðin út. Tveir aðilar lögðu inn tilboð og þar sem okkar tilboð var hagstæðara þá var gerður samningur við okkur sem staðfestur var af þáverandi heilbrigðisráðherra Guðbjarti Hannessyni og Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra. Áfram var samið við Landspítalann um að veita hjúkrunarþjónustuna á Sjúkrahótelinu.

### 3. Hjúkrun og sjúkraþjálfun í boði á Sjúkrahótel

Árni Páll segir að í samningi við sjúkrahótelioð í Ármúla hafi SÍ ekki gert neinar kröfur um hjúkrunarþjónustu, heldur er einungis varið fé til að kaupa hótelherbergi og fæði, en sú þjónusta nýttist Landspítalanum ekki neitt. Líkt og annað er þetta rangt hjá Árna Páli. Í útboðinu er sérstaklega kveðið á um að hjúkrunarþjónusta og sjúkraþjálfun eigi að vera í boði á Sjúkrahótelinu og samið var um hana við Landspítalann. Að jafnaði eru um 20-25 gestir á sólarhring hótelinu sem koma beint frá Landspítalnum og nokkur hluti þeirra nýttir sér hjúkrunarþjónustuna. Flestir þeirra eru utan af landi þar sem læknir, hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir hefur talið aeskilegt að þeir dvelji í öruggu umhverfi, með fullu fæði og í nálægð í heilbrigðisþjónustu á meðan þeir eru að jafna sig. Dapurlegt er að sjá að formaður Samfylkingarinnar skuli ekki hafa meiri skilning á mikilvægi þessarar aöstöðu fyrir landsbyggðarfólk þar sem ekki veitir af því að tryggja sem jafnast aðgengi sjúkratryggðra Íslendinga að heilbrigðisþjónustu.

### 4. Læknar, hjúkrunarfræðingar og ljósmæður ákveða hverjir geta gist

Árni Páll gagnrýnir að hótelið en ekki Landspítalinn ráði hverjir fái þar inni. Enn og aftur fer Árni Páll með algjörar fleipur. Einungis læknar, hjúkrunarfræðingar og ljósmaður geta ákveðið hvaða sjúkratryggðu einstaklingar eiga rétt á þjónustu Sjúkrahótelss. Raðast gestirnir inn á grundvelli forskriftar frá Sjúkratryggingum Íslands sem kveður m.a. á um forgang gesta utan af landi. Sjúkrahótelio hefur ekkert um það að segja hvaða gestir hafa rétt á að dvelja þar. Í nánast öllum tilvikum er hægt að verða við eftirspurn eftir þjónustunni en í þeim tilvikum sem það er ekki þá er um að ræða einstaklinga sem þurfa mun meiri hjúkrun en í boði er samkvæmt samningum við SÍ, svo sem hjúkrun á nöttinni, sem Landspítalinn býður ekki upp á.

## 5. Sérútbúin aðstaða fyrir gesti Sjúkrahótelss

Enn ein rangfærsla Árna Páls er sú að hótelið taki sjúklinga inn til uppfyllingar þegar ekki er hægt að leigja til túrista. Hið rétta er starfsemi Sjúkrahótelssins er afmörkuð frá almennri hótelþjónustu með 20 sérútbúnum herbergjum með sjúkrarúmum sem einungis er ætluð gestum Sjúkrahótelss, sérstökum matsal og setustofu. Þegar eftirspurnin er meiri frá einstaklingum sem ekki þurfa sjúkrarúm þá er gestum boðið upp á að dvelja á almennum hótelherbergjum. Á fimm árum hefur komið upp eitt dæmi þar sem yfirbókað var á hótelinu og var Landspítalinn þá varaður við því að í 2-3 daga yrði hugsanlega ekki hægt að mæta eftirspurn spítalans en reyndin varð sú að allir fengu inni og nokkur herbergi voru laus.

## 6. Úboð skilar ríkissjóði umtalsvert hagkvæmari rekstri

Árni Páll lýkur máli sínu á því að fulyrða að „díllinn“ sé sniðinn að þörfum eigenda sjúkrahótelssins en ekki þjóðarinnar og sprýr hann að lokum „hvaða hóteleigandi vill ekki vera í aðstöðu til að láta ríkið borga hjá sér öll þau herbergi sem annars standa tóm?“. Dapurlegt er að sjá formann Samfylkingarinnar falla í þessa gryju ósmekklegaheita og lágkúru. Þegar Sjúkrahótelio var boðið út fyrst kom lægsta tilboðið frá okkur og þegar Sjúkrahótelio var boðið út aftur á sl. ári vorum við eini aðilinn sem bauð í starfsemina. Gefur það frekar til kynna að hóteleigendur séu ekkert sérstaklega spenntir fyrir því að selja stórt hótelherbergi með baði, auk aðstöðu fyrir hjúkrun, sjúkrabjálfun og fullt fæði á 11.900 krónur sólarhringinn sem er langt undir því meðalverði sem ríkjandi er á sambærilegum hótelum í Reykjavík nú án nokkurrar viðbótarþjónustu. Hluti ríkisins er um 10.700 krónur en gestirnir sjálfir greiða 1.200 fyrir privat herbergi með fullu fæði. Það fyrirkomulag að bjóða út starfsemina hefur skilað skattgreiðendum mikilli hagræðingu og á sama tíma hefur meginþorri þeirra nærrí 10 þúsund gesta sem á Sjúkrahótelinu hafa gist verið afskaplega ánægðir með þjónustuna.

Líkt og komið hefur fram þá hryggir það okkur að þurfa að segja upp samningnum við SÍ. Okkur hefur þótt afskaplega vænt um að geta boðið upp á þessa þjónustu og það verða þung spor fyrir okkur að kveðja gesti Sjúkrahótelssins í lok apríl nk. En því miður eru það yfirlýsingar eins og koma frá Árni Páli sem gera okkur starfið erfitt og varpa skugga á þá mikilvægu þjónustu sem okkur er ætlað að veita. Við höfum lagt okkur fram um það sl. 5 ár að standa ekki í opinberu karpi og viljum sýna þessari viðkvæmu þjónustu þá virðingu að fjalla um hana af nærgætni. Við hvetjum aðra til að gera slíkt

hið sama og ítrekum mikilvægi þess að Árni Páll og aðrir áhugasamir kynni sér starfsemina áður en þeir ryðjast fram með þeim hætti sem hann gerði í dag.

Virðingarfullst  
*Kolbrún Hrund Víðisdóttir*

Kolbrún Hrund Víðisdóttir, Framkvæmdastjóri Heilsumiðstöðvarinnar ehf.